



## Saman gegn ofbeldi

### Tölulegar upplýsingar um útköll/tilkynningar í Reykjavík vegna heimilisofbeldis

#### Upplýsingar frá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og velferðarsviði Reykjavíkurborgar

Reykjavíkurborg og Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu í samvinnu við Kvennaathvarfið og Heilsugæsluna á höfuðborgarsvæðinu hófu í janúar 2015 átak gegn heimilisofbeldi sem kallast **Saman gegn ofbeldi**. Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu á nú einnig fulltrúa í stýrihópi verkefnisins.

Markmið samstarfsins er að taka markvisst á þeim heimilisofbeldismálum sem upp koma í því skyni að tryggja öryggi borgarbúa á heimilum sínum.

Þolendum er veitt ráðgjöf og ýmis þjónusta, gerendur eru hvattir til að sækja meðferð og vinna lögreglunnar á vettvangi hefur verið bætt. Mikilvægur hluti verkefnisins er einnig að bæta stöðu barna sem búa við heimilisofbeldi en Barnavernd Reykjavíkurborgar fer með lögreglunni í útköll vegna heimilisofbeldis þegar börn eru á heimilinu og styður við þau í kjölfarið. Þegar börn eru á heimilinu er einnig kallaður til ráðgjafi frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar sem styður við brotapolu á staðnum. Ráðgjafinn er einnig kallaður til þegar engin börn eru á staðnum ef heimilisfólk þiggur þá þjónustu.

Eftirfarandi tölulegar upplýsingar um útköll/tilkynningar vegna heimilisofbeldis eru annars vegar frá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og hins vegar frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar.

[Tölulegar upplýsingar frá upphafi verkefnisins er að finna á vef borgarinnar.](#)


Vakin er athygli á að í tölfræði lögreglunnar er heildarfjöldi útkalla vegna heimilisofbeldismála í Reykjavík meiri en hjá Reykjavíkurborg. Þennan mun má skýra fyrst og fremst vegna tveggja þátta. Annars vegar koma brotapolar í sumum tilvikum á lögreglustöðina til að tilkynna um heimilisofbeldi og þá er ekki alltaf ástæða til að fá ráðgjafa frá borginni. Einnig geta ráðgjafar ekki farið inn á heimili, ef engin börn eru þar, nema með leyfi húsráðenda. Tölfræði Reykjavíkurborgar nær yfir þau skipti sem ráðgjafar eru kallaðir til af lögreglunni af því að börn eru á heimilinu og þegar engin börn eru á staðnum en húsráðendur vilja þiggja aðstoð.



## Tölulegar upplýsingar Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu um útköll/tilkynningar vegna heimilisofbeldis í Reykjavík


Mynd 1 sýnir fjölda útkalla í Reykjavík í hverjum mánuði síðustu 13 mánuði frá janúar 2025 til og með janúar 2026, samtals 616 útköll. Yfir jafn langt tímabil ári fyrir eða frá janúar 2024 til og með janúar 2025 voru útköllin 594 útköll.

Síðustu þrjá mánuði frá nóvember 2025 til og með janúar 2025 voru útköllin 156. Í sömu mánuðum ári fyrir eða frá nóvember 2024 til og með janúar voru þau 155.




**Mynd 1. Fjöldi útkalla/tilkynninga í Reykjavík frá janúar 2025 til og með janúar 2026**

Mynd 2 sýnir hlutfallslega dreifingu útkalla eftir vikudögum í janúar 2025 og mynd 3 sýnir hlutfall útkalla eftir tíma sólarhrings í janúar 2025.




**Mynd 2. Hlutfall útkalla/tilkynninga eftir vikudögum í janúar 2025**



**Mynd 3. Hlutfall útkalla/tilkynninga eftir tíma sölurhrings í janúar 2025**

Mynd 4 sýnir tengsl geranda og þolanda í útköllum í janúar.



**Mynd 4. Ofbeldi af hálfu hvers í janúar 2026, hlutfallstölur**



## Tölulegar upplýsingar velferðarsviðs Reykjavíkurborgar um útköll/tilkynningar vegna heimilisofbeldis 2025

Barnavernd Reykjavíkurborgar fer með lögreglunni í útköll vegna heimilisofbeldis þegar barn eða börn eru á heimilinu og ráðgjafi frá velferðarsviði Reykjavíkurborgar sem styður við brotaþola. Ráðgjafinn er einnig kallaður til þegar engin börn eru á staðnum ef heimilisfólk þiggur þá þjónustu. Tafla 1 sýnir hlutfall útkalla sem borgin fer í af þeim útköllum sem lögreglan fer í.

**Tafla 1. Fjöldi útkalla lögreglu og Reykjavíkurborgar og hlutfall útkalla/tilkynninga sem starfsfólk borgarinnar fór í af útköllum lögreglunnar 2025 og það sem af er ári 2026. Einnig er sýnt hlutfallslegt meðaltal yfir þetta tímabil.**


|                | Lögregla-<br>fjöldi<br>útkalla | R.borg-<br>fjöldi<br>útkalla | Hlutfall  |
|----------------|--------------------------------|------------------------------|-----------|
| Janúar         | 49                             | 24                           | 49        |
| Febrúar        | 45                             | 20                           | 44        |
| Mars           | 44                             | 16                           | 36        |
| Apríl          | 44                             | 20                           | 45        |
| Maí            | 49                             | 14                           | 29        |
| Júní           | 42                             | 19                           | 45        |
| Júlí           | 41                             | 18                           | 44        |
| Ágúst          | 46                             | 32                           | 70        |
| September      | 55                             | 28                           | 51        |
| Október        | 31                             | 20                           | 65        |
| Nóvember       | 49                             | 20                           | 41        |
| Desember       | 60                             | 28                           | 47        |
| Janúar         | 42                             | 20                           | 48        |
| <b>Samtals</b> | <b>597</b>                     | <b>279</b>                   | <b>47</b> |

## Gerendur

Í janúar 2026 fór Reykjavíkurborg farið í 20 útköll og voru karlar gerendur í 15 tilvikum og konur í 5, sjá töflu 2 og mynd 5.

**Tafla 2. Fjöldi útkalla/tilkynninga árið 2026 eftir kyni gerenda**

| Mánuður                       | Kyn<br>gerenda |          |           |
|-------------------------------|----------------|----------|-----------|
|                               | Karlar         | Konur    | Samtals   |
| Janúar                        | 15             | 5        | 20        |
| <b>Samtals</b>                | <b>15</b>      | <b>5</b> | <b>20</b> |
| <b>Fjöldi gerenda samtals</b> | <b>14</b>      | <b>4</b> | <b>18</b> |




**Mynd 5. Fjöldi útkalla/tilkynninga árið 2026 eftir kyni gerenda**

Síðustu 13 mánuði, frá janúar 2025 til og með janúar 2026 voru karlar gerendur í 205 tilvikum og konur í 54, samtals 259 útköll, sjá fjölda útkalla á mynd 6 eftir kyni gerenda á mánuði síðustu 13 mánuðina.

Yfir jafn langt tímabil, 13 mánuði, ári fyrr eða frá janúar 2024 til og með janúar 2025 voru karlar gerendur í 172 tilvikum og konur í 55, samtals 227 útköll.

Síðustu þrjá mánuði, frá nóvember til og með janúar 2025 voru útköllin 68 og voru karlar gerendur í 49 tilviki og konur í 19.

Þessa sömu þrjá mánuði ári áður voru útköllin 69, 48 karlar voru gerendur og 21 kona.




**Mynd 6. Fjöldi tilkynninga síðustu 13 mánuði eftir kyni gerenda**

## Brotapolar

Eins og áður segir hefur Reykjavíkurborg farið í 20 útköll á árinu. Konur voru brotapolar í 17 tilvikum og karlar í 3 tilvika, sjá töflu 3 og mynd 8. Enginn brotapoli var án kennitölu.

**Tafla 3. Fjöldi útkalla/tilkynninga árið 2025 eftir kyni brotaþola**

| Mánuður                           | Kyn<br>brotaþola |           |           |
|-----------------------------------|------------------|-----------|-----------|
|                                   | Karlar           | Konur     | Samtals   |
| Janúar                            | 3                | 17        | 20        |
| <b>Samtals</b>                    | <b>3</b>         | <b>17</b> | <b>20</b> |
| <b>Fjöldi þolenda samtals</b>     | <b>3</b>         | <b>16</b> | <b>19</b> |
| <b>Þar af fjöldi án kennitölu</b> | <b>0</b>         | <b>0</b>  | <b>0</b>  |




**Mynd 7. Fjöldi útkalla/tilkynninga 2025 eftir kyni brotaþola**

Síðustu 13 mánuði frá janúar 2025 til og með janúar 2026 voru konur brotaþolar í 224 tilvikum en karlar í 55 tilvikum samtals 279 útköll/tilvik, sjá fjölda brotaþola eftir mánuðum og kyni á mynd 8.

Yfir jafn langt tímabil, 13 mánuði ári fyrr, frá janúar 2024 til og með janúar 2025 voru konur brotaþolar í 160 tilvikum en karlar í 58 tilvikum samtals 218 útköll/tilvik.


Síðustu þrjá mánuði frá nóvember 2025 til og með janúar 2026 voru útköllin 69, þar af voru konur brotaþolar í 52 tilvikum en karlar í 17.

Í sömu mánuðum ári fyrr eða frá nóvember 2024 til og með janúar 2025 voru þau 60, þar af voru konur brotaþolar í 43 tilvikum en karlar í 17.




**Mynd 8. Fjöldi útkalla/tilkynninga síðustu 13 mánuði eftir kyni brotþola**

Mynd 9 sýnir fjölda útkalla, sem Reykjavíkurborg fór í, eftir kyni og aldri brotþola 2026.




**Mynd 9. Fjöldi útkalla/tilkynninga 2026 eftir kyni og aldri brotþola sem Reykjavíkurborg fór í**

Mynd 10 sýnir ofbeldi af hálfu hvers er um að ræða eftir kyni brotþola eða tengsl gerenda og brotþola eftir kyni brotþola. Ofbeldi barna í garð foreldis er „aldursskipt“ til að varpa aðeins skýrara ljósi á það. Annars vegar eru börn yngri en 18 ára og hins vegar eru útköll vegna barna sem beita forelda sína ofbeldi og eru 18 ára og eldri.



**Mynd 10. Tengsl gerenda og brotápóla eftir kyni brotápóla 2025, útköll Reykjavíkurborgar**


Mynd 11 sýnir fjölda brotápóla eftir fjölskyldugerð 2025, sem Reykjavíkurborg fór í útkall vegna.



**Mynd 11. Fjöldi brotápóla eftir fjölskyldugerð 2025**

Mynd 12 sýnir tegund ofbeldis eftir kyni brotápóla. Andlegt ofbeldi er tilgreint í 16 tilvikum þar af eru 15 konur brotápólar og 1 karl. Líkamlegt ofbeldi er tilgreint í 12 tilvikum þar af eru 9 konur brotápólar og 3 karlar. Í 4 tilvikum var um fjárhagslegt ofbeldi að ræða og voru allir brotápólar konur. Oft er tilgreind fleiri en ein tegund ofbeldis í hverju útkalli.







**Mynd 12. Tegund ofbeldis eftir kyni brotapola 2025**

Mynd 13 sýnir fjölda gerenda eftir kyni og því hvort brotapoli er með íslenskt eða erlent ríkisfang.

Mynd 14 sýnir fjölda brotapola eftir kyni og hvort ríkisfang er íslenskt eða erlent.




**Mynd 13. Ríkisfang gerenda 2025, íslenskt/erlent, eftir kyni 2026**




**Mynd 14. Ríkisfang brotapola, íslenskt/erlent, eftir kyni 2025**

Mynd 15 sýnir fjölda fatlaðra og ófatlaðra gerenda eftir kyni. Tvær fatlaðar konur voru gerendur og enginn karl.

Mynd 17 sýnir fjölda fatlaðra og ófatlaðra brotapola eftir kyni. Ein fötluð kona var brotapoli og enginn karl. Þessar tölur byggja á mati í útkalli á því hvort brotapoli og gerendur séu með fötlun eða ekki. Það má ætla að fleiri brotapolar og gerendur séu með fötlun en fram kemur í þessum tölum.




**Mynd 15. Fjöldi fatlaðra og ófatlaðra gerenda eftir kyni 2025**




**Mynd 16. Fjöldi fatlaðra og ófatlaðra brotapöla eftir kyni 2025**

Börn voru á vettvangi í 40% útkalla 2025, sjá mynd 17 og börn voru í 50% tilvika með lögheimili á vettvangi, sjá mynd 17.




**Mynd 17. Hlutfall þeirra útkalla þegar börn voru/voru ekki á vettvangi 2025**




**Mynd 18. Hlutfall þeirra útkalla þegar börn voru/voru ekki með lögheimili á vettvangi 2025**

Að höfðu samráði við hagsmunasamtök hinsegin fólks er nú skráð hvort gerandi og brotþoli séu hinsegin. Mynd 19 sýnir hlutfall gerenda sem eru hinsegin í útköllum 2025 og mynd 20 sýnir hlutfall brotþola sem eru hinsegin.



**Mynd 19. Hlutfall gerenda sem eru hinsegin 2025**



**Mynd 20. Hlutfall brotþola sem eru hinsegin 2025**